

Weber XP múrklæðning með steiningarsalla , hraunáferð eða skrapmúr yfir steinullareinangrun

Múrkerfi: Weber XP Dash roughcast eða Scraped, með trefjaneti yfir steinullareinangrun með M1 múrnum sem undirmúr og steiningarlími eða yfirmúr ,
1 Coat system



Einangrun :Einangrað skal undir múrkerfið með steinullarplötum 50-120mm. Þær skulu hafa eðlismassa minnst 130 kg/ á rúmmetra og þrýstipól minnst 40kpa (**Sökkulplata** eða **Undirlagsplata T** frá Steinullarverksmiðjunni). Plöturnar skulu skarast á vegg og í hornum við uppsetningu samkvæmt nánari verklýsingu frá Weber Ltd UK . Inní múrtappana díflur er rekinn stálnagli með kuldabré. Múrtappinn skal ná 50mm inní steinvegginn bakvið einangrun og skulu vera að meðaltali 8 festingar á fermetra. Nota skal trefjanet sem er amk 160 g/m² og viðurkennt af framleiðanda og vera hluti af kerfinu Motturnar eru láttnar skarast um 100mm á samskeytum. Á hornum skal til styrkingar setja plast úthornalista (CB10) með fjarlægðarlista, og skulu þau fest í undirmúrinn.

Undirmúr / Yfirmúr : **Weber M1 , sprautumúrinn** er uppistaðan í XP kerfinu yfir steinullareinangrun. Hann skal koma tilbúinn blandaður sem þurrefni, er sementsbundinn og hannaður sem hluti af heilu múrkerfi þar sem allir hlutar kerfisins eru vottaðir og viðurkenndir sem heldstætt kerfi. M1 múrinn er dreginn uppá netið eða honum spautað með dælu minnst 10mm þykkur og er áætlað magn 18kg per/ m². Áður en undirmúrinn þornar er sléttað úr honum og næsta og síðasta laginu sprautað yfir.

Lokaáferð: M1 yfirmúrinn er gegnumlitaður og eftir að seinna laginu hefur verið sprautað á skal hann unnin á þann hátt sem lokaáferðin segir til um. Lokaáferð er hægt að skrapa , sprauta með hraunáferð eða steina með steiningarsalla og snýr meðhöndlun og verklag að því hvaða aðferð er notuð og skal verktaki vera búinn að kynna sér það og sitja námskeið hjá framleiðanda eða söluaðila.

Vottun 3. aðila. BBA – British board of agreement – stofnun sem sér um að prófa og votta kerfi og byggingavörur og ganga um skugga að þær uppfylli gæðakröfur , standist umhverfiskröfur , öryggis og heilsukröfur ásamt ströngum brunakröfum

NSAI – Önnur vottunarstofa sem vottar vörur og kerfi fyrir Írland
ISO 14001: 2015

Brunavottun : A“ – S1 , d0 sem byggir á BS EN13501